

ari Guðmundssyni Breiðfjörð kr. 410.00, 3) Guðnýju Þórðardóttur kr. 500.00, 4) Jóni Brynjólfssyni kr. 500.00, 5) Harald Bøðvarssyni & Co. kr. 1.342.00, 6) Samúel Guðmundssyni kr. 325.00, 7) Birni Lárussyni kr. 400.00 og Guðrúnu Jóhannesdóttur kr. 1.000.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. júní 1963.

Nr. 18/1963. **Ákærvaldið**

(Saksóknari ríkisins Valdimar Stefánsson)
gegn

Sturlu Eiríkssyni (Ragnar Jónsson hrl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús P. Toríason.

Áfengis- og umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Skúli Thorarensen, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppkvaðningu dómsins hefur framhaldsrannsókn farið fram, ný vitni hafa verið leidd og lögregluþjónarnir Páll Lárusson Rist og Gunnar Randversson hafa gefið framhaldsskýrslur og staðfest framburði sína með eiði.

Eins og í héraðsdómi greinir, fundust í blóði ákærða reducerandi efni, er samsvara 2,10% af alkóhóli, er blóð var tekið úr honum, eftir að lögreglumennirnir höfðu komið að honum sofandi í bifreið hans utan vegarins skammt sunnan Lónsbrúar, en þangað höfðu lögreglumennirnir farið til að aðgæta bifreið hans eftir ábendingu Jóhannesar Reykjalíns Kristjánssonar, en ekki Snorra Kristjánssonar bróður hans, eins og segir í hinum áfrýjaða dómi.

Með gögnum þeim, sem fram eru komin í málinu, verð-

ur að telja í ljós leitt, að ákærði hafi verið með áfengis-áhrifum, er hann ók bifreið sinni í umrætt skipti, enda verður ekki tekið mark á breytingum ákærða á framburði hans um vinnautn sína 15. ágúst 1962 í sakadómi Kópavogs 12. október 1962 frá því, sem hann bar í sakadómi Akureyrar 16. ágúst s. á. Hefur hann með því brotið gegn lagaákvæðum þeim, sem greind eru í ákæruskjali.

Ákærði hefur tvisvar áður verið dæmdur fyrir að hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis, síðast með dómi sakadóms Reykjavíkur 20. júlí 1959 til greiðslu kr. 2500.00 sektar, og var hann þá um leið sviptur ökuleyfi í 10 mánuði.

Refsing ákærða fyrir framangreint atferli þykir hæfilega ákveðin 15 daga varðhald. Þá ber og að svipta hann ökuleyfi ævilangt.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 2500.00, og laun verjanda hans í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sturla Eiríksson, sæti varðhaldi í 15 daga. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 2500.00, og laun verjanda hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Ragnars hæstaréttarlögmanns Jónssonar, kr. 4000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 7. desember 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. október s.l., er höfðað af ákærvalds hálfu og saksóknara ríkisins á hendur Sturlu Eiríkssyni útvarpsvirkja, Birkihvammi 13, Kópavogi, fæddum 28. október 1922 í Reykjavík, fyrir að hafa aðfaranótt fimmtudags 16.

ágúst s.l. undir áhrifum áfengis ekið bifreið Y 500 frá bifreiðastæði við Heimavist Menntaskólans á Akureyri, unz ákærði ók út af þjóðvegi skammt sunnan Lónsbrúar.

Telst þetta varða við 2. sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 16/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkosnaðar.

Ákærði, Sturla Eiríksson, fæddist 28. október 1922 í Reykjavík.

Ákærði hefur sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:

1938 13/8 Reykjavík. Undir rannsókn út af ökuóhappi, ekki talin ástæða til málssóknar.

1953 19/8 Akureyri. Dómur, 1000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot á bifreiða- og umferðarlögum.

1959 20/7 Reykjavík. Dómur, 2500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 10 mánuði fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.

Málavextir eru þeir, að fimmtudagsnótt 16. ágúst um kl. 5.30 kom á lögreglustöð Akureyrar Snorri Kristjánsson, bóndi á Hellu, og tilkynnti, að bifreið Y 500 hefði verið ekið út af veginum skammt sunnan Lónsbrúar í Eyjafirði og að ökumaður mundi vera athugaverður.

Lögreglumenn, Páll Rist og Gunnar Randversson, fóru á vettvang, og var þá einn maður í bifreið Y 500 sofandi fram á stýrið og sýnilega ölvaður. Hann var vakinn og kvaðst heita Sturla Eiríksson, Birkihvammi 13 í Kópavogi.

Sturla, ákærði í máli þessu, var fluttur á lögreglustöð, þar sem varðlæknir Baldur Jónsson tók úr honum blóðsýnishorn, merkt BX 320.

Þar sem ákærði gat litla grein gert fyrir ferðum sínum vegna ölvunar, var hann settur í fangahús um stundarsakir.

Í bifreið Y 500 fannst ásamt öðrum farangri nokkuð af áfengi. Þar sem ekki reyndist hægt að ná bifreið Y 500 nema með dráttartæki, sem ekki var við hendina, var henni læst. Ekki virtist bifreiðin skemmd, en hún mun hafa farið um 20 m út fyrir veginn. Vitnið Páll Lárusson Rist kveðst hafa séð bifreið Y 500 um 10 metra fyrir utan veg og hafi henni verið ekið þar um 20 metra. Vitnið spurði ákærða, sem var sýnilega undir áfengisáhrifum, hvort hann hefði ekið bifreiðinni út af og kvað hann já við því. Vitnið segir, að þar sem bifreiðin hafi farið

út af, séu mót nýs og gamals vegar og hafi bifreiðin farið út af á milli þeirra. Þar hafi bifreiðina verið föst í leir og mold og hjólin í kafi.

Vitnið Gunnar Randversson segir, að bifreið Y 500 hafi farið út af á gatnamótum; þar er 35—45° horn milli nýs og gamals vegar. Á nýja veginum er lítil beygja, sem byrjar örlítið norðan við gatnamótin og endar rétt sunnan við gatnamótin. Ákærði hafi verið sofandi í bifreiðinni. Það hafi vakið ákærða og séð greinileg áfengisáhrif á honum. Vitnið kveðst hafa spurt ákærða, hvort hann hafi verið einn í bifreiðinni og kvað hann já við því. Ýmis farangur hafi verið í bifreiðinni, aftursæti fullt, áfengi í tösku og fleira í framsæti.

Ákærði kveðst hafa verið gestur á Heimavist Menntaskólans. Milli kl. 14 og 15 hafi hann byrjað að neyta víns í herbergi sínu. Í fyrstu kvaðst hann hafa drukkið $\frac{1}{4}$ úr 3-pela Vodka-flösku, en breytti framburði sínum við aðra yfirheyrslu og kvaðst þá hafa drukkið eitt glas af blandi af vatni og vodka.

Eftir þetta kveðst ákærði hafa sofnað strax og sofið til kl. 9 um kvöldið. Þá fór ákærði að týgja sig af stað og ók bifreið sinni áleiðis til Skjaldarvíkur um kl. 10.

Þá kveðst ákærði ekki hafa fundið á sér nein áfengisáhrif og einskis áfengis neytt eftir að hann vaknaði. Ákærða fannst aksturinn ganga vel, en þoka var og myrkur.

Ekki er ákærða ljóst, hvernig það atvikaðist, að bifreið hans lenti út af veginum, en hann kveðst óljóslega hafa orðið var við, að bifreiðin stóð föst og hann ákveðið að bíða eftir hjálp til þess að losa bifreiðina og koma henni á veginn aftur.

Ákærði kveður ferðalag þetta allt mjög óljóst í minni sínu. Hann kveður slíkt minnisleysi hafa nokkrum sinnum komið fyrir sig. Það hafi gerzt, að nokkrum sinnum hafi hann misst minni um það, að gerzt hafi rétt áður en hann varð ölvaður. Í þetta sinn hafi ákærði orðið ölvaður af víni, sem hann drakk eftir að bifreiðin stóð föst. Þá drakk hann úr sömu flösku og hann drakk úr á hótelinu. Áfengismagn í blóði sínu telur hann mætti stafa af því, sem hann drakk eftir að bifreið hans festist, og því eftir að hann ók bifreiðinni í umrætt skipti.

Við alkóhólrannsókn fundust reducerandi efni, er samsvara 2,10‰ af alkóhóli.

Í máli þessu hefur eigi tekizt að upplýsa ástand ákærða, er hann lagði af stað og við stjórn bifreiðar Y 500 í umrætt sinn.

Gegn neitun ákærða þykir því eigi sannað, að hann hafi undir

áhrifum áfengis ekið bifreið Y 500 frá Heimavist Menntaskóla Akreyrar áleiðis til Skjaldarvíkur fimmtudagsnótt 16. ágúst 1962, unz bifreiðin fór út af vegi á mótum gamals og nýs vegar í nánd við Lónsbrú á vesturströnd Eyjafjarðar í Eyjafjarðarsýslu.

Ber því að sýkna ákærða af ákæru ákæruvaldsins í máli þessu.

Ríkissjóður greiði allan málskostnað í máli þessu, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda, er þykja hæfilega ákveðin kr. 1.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sturla Eiríksson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr.1.500.00 alls.

Föstudaginn 7. júní 1963.

Nr. 48/1963. **Ákæruvaldið**

(Saksóknari ríkisins Valdimar Stefánsson)

gegn

Guðmundi Geirssyni

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómamennir Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Áfengis- og umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að svipting ökuleyfis telst hæfilega ákveðin 6 mánuðir alls og frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin